



Umhverfis- og samgöngunefnd

Reykjavík 25. nóvember 2019

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um áhafnir íslenskra fiskiskipa o.fl., nr. 30/2007, með síðari breytingum, 316. mál.

VM Félag vélstjóra og málmæknimanna hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, nr. 30/2007, með síðari breytingum. Félagið gaf umsögn um málið þegar það var lagt fram í samráðsgátt og er enn þeirrar skoðunar að ekki eigi að blanda saman stjórnkerfi fiskveiða annars vegar og öryggi fiskiskipa og áhafna hins vegar.


Með frumvarpinu er verið að leggja til að slakað verði á kröfum um réttindi og mönnun á bátum, „smáskipum“, sem eru 12 metrar að 15 metrum að skráðri lengd. Jafnframt er lagt til að skilgreiningin á hugtakinu „smáskip“, sé færð úr því að vera bátar styttri en 12 metrar í að vera bátar styttri en 15 metrar að skráningarlengd. Hvatinn að þessari breytingu virðist sá að lögum um stjórn fiskveiða var breytt árið 2013 þannig að bátar undir 15 metrum að mestu lengd og undir 30 brúttótonnum geti öðlast veiðileyfi með krókaafلامarki.

Félagið bendir á að bátar 12 metrar og lengri eru öflugir bátar með öflugar vélar, allt að 750 kW og nokkuð flókinn búnað, og telur það með öllu ómögulegt að tengja kröfur um mönnun og réttindi skipverja við það hvers konar veiðileyfi bátar hafa. Reglur um mönnun skipa eiga einungis að taka mið af öryggi skips og áhafnar. Verði þetta frumvarp að lögum er verið að stiga stórt skref aftur á bak í að tryggja öryggi áhafna þessara báta. Nær verið að herða reglur ef eitthvað er. Félagið mótmælir þeim áformum um lagabreytingu sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Félagið vill jafnframt benda á að 4. mgr. 12. greinar núgildandi laga er síður en svo til að auka öryggi skips og áhafnar, en skv. greininni er ekki skylt að hafa vélavörð á bátum styttri en 12 m að skráningarlengd ef gerður hefur verið samningur við þjónustuaðila um viðhald vélbúnaðar skipsins. Frumvarpið gerir ráð fyrir að þessi heimild verði aukin þannig að hún gildi fyrir báta styttri en 15 m að skráningarlengd. Verði vélarbilun úti á sjó er því engin krafa um að skipverji um borð hafi kunnáttu eða getu til að gera við bilunina sé þetta ákvæði nýtt. Augljóst er að ekki verður kallað í þjónustuaðila úr landi í neyðartilvikum. Þessi regla í núgildandi lögum er því út í hött ef hugsað er um öryggi skips og áhafnar. Þessa grein laganna ætti því að afnema.

VM Félag vélstjóra og málmæknimanna leggst alfarið gegn frumvarpinu eins og fram kemur hér að framan.

f.h. VM Félag vélstjóra og málmæknimanna,


Halldór Arnar Guðmundsson,
forstöðumaður kjara- og menntasviðs VM